

# 6 LYKILFÆRNIÞÆTTIR FRAMLÍNULEIÐTOGA™

AÐ LEIÐA TEYMI TIL ÁRANGURS

INCLUDED FranklinCovey ALL ACCESS PASS®

## Áskorun framlínuleiðtoga

Framlínuleiðtogar hafa veruleg áhrif á alla árangursmælikvarða í rekstri: framleiðni og helgun starfsmanna, ánægju og tryggð viðskiptavina, nýsköpun og fjárhagslega frammistöðu. Þeir skapa og miðla menningu til sinna teyma og hafa bein áhrif á það hvort starfsmenn kjósi að vera eða fara. Þau bera mikla ábyrgð á gæði þjónustuupplifunar og teymi þeirra eru uppspretta nýsköpunar fyrir vörur, þjónustu og ferli. Framlínuleiðtogar skipta sköpum.

Hlutverk framlínuleiðtogans hefur alltaf verið erfitt og veruleiki dagsins í dag gerir hlutverk þeirra enn erfiðara. *Færni með fólki* leggur grunninn að 80% af árangri framlínustjórnenda. Samt fá flestir framgang í stöðu framlínustjórnenda vegna *tæknikunnáttu* sinnar. Bæði nýir og reyndir stjórnendur geta átt erfitt með að leiða teymi til árangurs í dagsins önn.

## Við kynnum til leiks:
## *6 lykilfærniþætti framlínuleiðtoga*

6 lykilfærniþættir við að leiða teymi er safn af sérvöldu, hagnýtu og áhrifaríku efni frá FranklinCovey sem er sérsniðið að viðfangsefnum framlínustjórnenda. Með nýju viðhorfi, færni og verkfærum fá þátttakendur að uppskera árangur í erfiðu hlutverki sínu og hljóta góðan stuðning á leiðinni. Markmið vinnustofunnar er að aðstoða stjórnendur við að umbreytast frá því að ná árangri í gegnum eigið framlag í það að virkja framlag annarra til árangurs.




| Áskorun | Lausn |
|---|---|
| • Verðandi og vaxandi leiðtogar þurfa að læra meira um hlutverk, aðferðir og ábyrgð stjórnenda. | • Þróunar „hraðall“ fyrir stjórnendur. |
| • Nýir hópstjórar þurfa að byggja á grunni forystu. | • Leiðtogar fá grunnfærni og verkfæri sem allir stjórnendur þurfa en fáir hljóta. |
| • Núverandi framlínustjórnendur þurfa upprifjun og nýja sýn á leiðir til þess að leiða aðra til árangurs. | • Jöfn og alhliða nálgun innan vinnustaðar til hlutverks og ábyrgð stjórnenda með verðmætum aðferðum. |

## Markmið

*6 lykilþættir framlínuleiðtoga* er sérvalið safn af verðlaunaefni FranklinCovey fyrir stjórnendur. Með nýju viðhorfi, færni og verkfærum fá framlínuleiðtogar viðeigandi og hagnýtan stuðning við að skara fram úr í mikilvægum hlutverkum sínum.

| VIÐFANGSEFNI | MARKMIÐ |
|---|---|
| ÞRÓA HUGARFAR STJÓRNENDA | Skilja og nýta grunnviðhorfsbreytingu leiðtoga og tileinka sér lykilfærni stjórnenda, sem þjónar árangri teyma og vinnustaða. |
| TAKA REGLULEGA STÖÐUNA | Auka helgun liðsmanna með því að taka reglulega stöðuna með hverjum og einum (1&1). |
| STILLA TEYMINU UPP TIL AÐ NÁ ÁRANGRI | Skerpa á markmiðum og árangurmælikvörðum og dreifa ábyrgð liðsmanna. Styðja við vöxt og verksvið hvers og eins. |
| SKAPA MENNINGU ENDURGJAFAR | Veita uppbyggilega endurgjöf til að þróa sjálfstraust og færni hvers liðsmanns. Auka eigin frammistöðu með því að sækjast eftir endurgjöf frá öðrum. |
| LEIÐA TEYMIÐ Í GEGNUM BREYTINGAR | Tilgreina aðgerðir til að aðstoða liðsmenn við að innleiða og hraða breytingum með farsælum hætti. |
| STJÓRNA TÍMA OG ORKU | Nota vikulega áætlanagerð til að einblína á mikilvægustu forgangsverkefnin, og styrkja eigin frammistöðu með því að vinna markvisst að orkustjórnun. |

## Valkostir í þjálfun

- **Vinnustofa á vettvangi.** Þú getur sótt opna vinnustofu, fengið ráðgjafa FranklinCovey til að þjálfa þitt teymi á vettvangi eða hlotið vottun til þess að kenna okkar efni á þínum vinnustað.
- **Stafrænt.** Örfróðleikur, myndbönd og tæki úr vinnustofunni 6 lykilfærniþættir framlínuleiðtoga í 12 vikna ferli.




## Gögn

**Þátttakendagögn:**

- Vönduð innbundin vinnubók
- Æfingarspilastokkur
- Stafræn eftirfylgni í 12 vikur

**Þjálfaragögn:**

- Þjálfun og stuðningur í fjarnámi (Virtual certification)
- Þjálfarahandbók
- Glærusafn með myndböndum

INCLUDED FranklinCovey ALL ACCESS PASS

All Access Pass færir teymi þínu ótakmarkaðan aðgang að verðlaunaefni FranklinCovey. Þannig nærð þú til fleiri þátttakenda á hagkvæmari og áhrifaríkari hátt og hefur varanleg áhrif á árangur. Um er að ræða áskrift að námsefni FranklinCovey, þar með talið stafrænum þjálfunarlausnum, þjálfun þjálfara, matstæki, ráðgjöf ofl. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar á info@franklincovey.is eða í síma 775-7070.

FranklinCovey – ÞITT FORSKOT TIL FRAMTÍÐAR

© Franklin Covey Co. All rights reserved. ONL180116 Version 1.0.4